

# STJÓRNARFUNDUR BSÍ

## FUNDARGERÐ

<b>Fundarstjóri:</b> Matthías Imsland	<b>Fundur nr. :</b>	<b>5</b>
<b>Fundarritari:</b> Sigurður Páll Steindórsson	<b>Staður:</b>	Síðumúli 37
<b>Fundargestir:</b> Brynjar Níelsson (BN) Dagbjört Hannesdóttir (DH) Guðný Guðjónsdóttir (GG) Gunnar Björn Helgason (GBH) Hrannar Erlingsson (HE) Matthías Imsland (MI) Sigurður Páll Steindórsson (SPS)	<b>Dagsetning:</b>	18.10.2023
	<b>Frá kl.:</b>	
	<b>Til kl.:</b>	
	<b>Næsti stjórnarfundur:</b> Ákveðið síðar	

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2	<u>Fjárhagsstaða</u> MI fór yfir fjárhagsstöðu BSÍ og drög að fjárhagsáætlun fyrir 2024. Fjárstreymisgreining til áramóta gerir ráð fyrir neikvæðu fjárstreymi upp á 800.þús. Reksturinn hefur gengið nokkuð vel og hefur áfram tekist að auka tekjur. Miðað við áætlun vantar nokkrar milljónir í tekjur 2024 til að koma út á núlli. Gert er ráð fyrir að Evrópumótið kosti 5.milljónir sem er stór pakki. Rætt var um leiðir til að ná endum saman en ljóst að annaðhvort þarf að sækja meira fjármagn í reksturinn eða fækka verkefnum. Verður rætt betur síðar. Langtímaskuldir eru engar og skammtímaskuldir um 2,5m.
3	<u>Bridgeskólinn og kennsla í framhaldsskólum</u> Kennsla í framhaldsskólum gengur vel en ljóst að það þurfa að vera fastir kennarar. Það er vilji til að gera meira í framhaldsskólabridge og þarf að skoða hvernig hægt er að finna fjármagn. Stefnt er að því að skólarnir verði einnig með kennslu næstu vorönn og næsta vetur er hugmyndin að vera með 3e og 5e kennslu bæði staðbundið og í gegnum netið ásamt framhaldskennslu. Starfsemi Bridgeskólans gengur áfram vel og uppselt á fjölda námskeiða.
4	<u>Starfið fram undan</u> World Bridge Tour fer fram dagana fyrir Bridgehátíð. Reiknað er með 15-20 sveitum.